

Ed.

513. Nefndarálit

[5. mál]

um frv. til laga um lögreglumenn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Ákvæði 2. gr. um þátttöku ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við lögreglu og löggæzlu skulu koma til framkvæmda að fullu 1. janúar 1965. Árið 1963 greiðist úr ríkissjóði $\frac{3}{10}$ hlutar af þessum kostnaði utan Reykjavíkur, en $\frac{1}{4}$ í Reykjavík. Árið 1964 greiðist úr ríkissjóði $\frac{3}{10}$ hlutar utan Reykjavíkur, en $\frac{1}{3}$ í Reykjavík.

Tveir nefndarmenn (ÓLJ og AGI) áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum breytingartill., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 3. apríl 1963.

Friðjón Skarphéðinsson,	Ólafur Björnsson,	Magnús Jónsson,
form.	fundaskr.	frsm.
Ólafur Jóhannesson.	Alfreð Gíslason.	